

2. fundur stjórnar Prentsöguseturs 7. mars 2019, kl. 16 haldinn í Bókamiðstöðinni Laugavegi 29.

Mættir: Heimir Br. Jóhannsson og Svanur Jóhannesson. Þóra Elfa Björnsson og Baldvin Heimisson fjarverandi vegna veikinda. Þórleifur Friðriksson erlendis. Sófus Guðjónsson upptekinn.

Sv. Jóh. skráði.

Heimir setti fundinn:

1. Um húsnæðið: Gluggar o.fl. hafa verið málaðir af Þorsteini Veturliðasyni í sjálfboðavinnu. Búið er að skipta um vask á salerni. Þyrfti líka að skipta um salernisskál.
2. Svanur kom með gjafir: Bláðið Þjóðólfur, innbundinn. Nokkur blöð frá fyrstu árum hans, um miðja 19. öld. Frá Sigurþóri Sigurðssyni bókbindara: Lítið gamalt pappírssax úr Félagsprentsmiðjunni, límpottur og límkubbur úr Safnahúsinu við Hverfisgötu kom frá Ástráði Björnssyni og mjög gömul lítil borðheftivél úr Nýja bókbandinu að Laugavegi 1 (bakhúsi).
Frá Kristjáni Helgasyni prentara kom ýmislegt smádót: 2 öskubakkar frá HÍP og ýmsar klissíur m.a. Sunlight sápuauglýsing, prentaramerkið og klissía útskorin í gólfdukk.
3. Heimir hefur látið skanna og stækka myndir af Jóhanni Gutenberg og Guðbrandi Þorlákssyni og fleiri gamlar myndir og gefið safninu. Þá hefur hann og gefið safninu 4 sýningarskápa úr gleri.
4. Rætt um aðalfundinn. Heimir vildi fresta honum. Skv. lögnum þarf að boða hann með 2ja vikna fv. og halda hann fyrir 1. apríl. Engin ákvörðun tekin.
5. Samþykkt að athuga með sjónvarp sem hægt væri að hafa í enda húsnæðisins og koma upp aðstöðu til að sýna gamlar myndir úr prentiðnaðinum.
6. Svanur talaði við Jóhann á Eyrarbakka og hann sagði að þeir væru að reyna að selja húsnæði sitt í Alban-verksmiðjunni. Við þyrftum þá að fjarlægja það sem við eigum þar eins og pressuna frá Hólum.
7. Hugmynd kom um að athuga húsnæði í Skálholti. Þeir eru að hætta búskap og þá er FJÓSIÐ laust.
8. Nýir félagar. Fjórir nýir hafa gengið í félagið síðan í desember. Nú eru skráðir 139 og 130 greiddu félagsgjald síðasta ár.
9. Reikningar félagsins komnir í uppsetningu og endurskoðun. Á bankareikningi er um 1.555.000 kr.
10. Flutningur á setjaravél. Heimir sagði að Þorsteinn Veturliðason vissi um menn sem eru góðir í að flytja svona vélar.
11. Samþykkt að halda stjórnarfund næsta fimmtudag kl. 16.00 að Laugaveg 29 til að undirbúa aðalfund félagsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.